

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Hafrannsóknastofnuninni, Samtökum uppboðsmarkaða, Byggðastofnun, Félagi dagbátaeigenda, Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Landssambandi smábátaeigenda.

Í frumvarpinu er lagt til að gjöld sem eigendur skipa hafa greitt í Þróunarsjóð sjávarútvegsins skv. 4. og 6. gr. gildandi laga verði felld niður frá 1. september nk.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 20. apríl 2004.

Guðjón Hjörleifsson,  
form., frsm.

Kristinn H. Gunnarsson.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Guðjón A. Kristjánsson,  
með fyrirvara.

Ísólfur Gylfi Pálmason.

Guðjón Guðmundsson.